

Sveitarstjórnir Borgarfjarðarhrepps, Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar gera með sér svofelldan samning um

BÚFJÁREFTIRLIT

1. gr.

Sveitarstjórnir Borgarfjarðarhrepps, Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar standa sameiginlega að búfjárefartiliti á því svæði sem nær yfir framangreind sveitarfélög. Starfsemi búfjáreftilitsins fellur undir lög um búfjárhald nr 103/2002, reglugerða með stoð í þeim og nánari ákvæði í samningi þessum.

2. gr.

Sveitarstjórnir Borgarfjarðarhrepps, Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar kjósa samtals þrjá fulltrúa og þrjá til vara í búfjáreftilitsnefnd, þannig að Fljótsdalshérað kýs einn fulltrúa og einn til vara og Borgarfjarðarhreppur, Fljótsdalshreppur og Seyðisfjarðarhreppur kjósa sameiginlega tvo fulltrúa og tvo til vara.

3. gr.

Fljótsdalshérað sér um fjárreiður búfjáreftilitsins, bókhald og launagreiðslur og ræður búfjáreftilitsmenn að höfðu samráði við búfjáreftilitsnefnd.

4. gr.

Búfjáreftilitsnefnd annast yfirstjórn búfjáreftilitsins fyrir hönd sveitarfélaganna, gerir fjárhagsáætlun fyrir rekstur búfjáreftilitsins í samstarfi við héraðsfulltrúa Fljótsdalshéraðs og leggur hana fyrir viðkomandi sveitarstjórnir til samþykktar. Búfjáreftilitsnefnd kemur saman a.m.k. tvisvar á ári, þ.e. að vori og hausti.

Kostnaði við rekstur búfjáreftilitsins skal jafnað niður á aðildarsveitarfélögin í samræmi við búfjáreign í hverju þeirra fyrir sig samkvæmt skýrslum Bændasamtaka Íslands. Niðurlögnunarskrá þar sem eftirlitsskyld búfé hefur mismunandi vægi eftir tegundum er fylgiskjal með samningi þessum. Framlög greiða sveitarfélögin með jöfnum ársfjórðungslegum greiðslum.

5. gr

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2006 að undangengnu samþykki allra aðildarsveitarfélaganna og kemur í stað eldra samkomulags.

Skriðuklaustri 15. desember 2005

f.h. Borgarfjarðarhrepps

f.h. Fljótsdalshéraðs

f.h. Fljótsdalshrepps

f.h. Seyðisfjarðarkaupstaðar
